

1865.
16. júní. verið var að undirbúa opið bréf 4. júnímán. f. á., en af því að alþingi var henni mótmælt, var ekki fallizt á hana. Auk þessa skal þess getið, að stjórnarráðið, að þessu slepptu, getur ekki tekizt á hendur að kaupa ríkisskuldabréf fyrir einstaka menn.

22. júní. **43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um arftöku eptir óskilgetinn son.**

Útaf bænarskrá, er hingað hefir borizt með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 15. febrúarmán. þ. á., frá Gísla bónda Ingimundarsyni frá Lóni, um að honum seu veittir eptirlátnir munir sonar hans óskilgetins, sem nú er dáinn, en munir þessir eru virtir 43 rdl. 48 sk., skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann hefir sókt um.

24. júní. **44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skilning 8. greinar í verzlunarlögunum 15. aprílmán. 1854.**

Útaf umkvörtun, sem komið hefir til utanríkisstjórnarinnar frá verzlunarahúsi í Kaupmannahöfn, um að einstaka verzlunarfylltrúar Danakonungs í útlöndum hafi heimtað gjald af skipum, er verzlunarahús þetta á í förum til Íslands og Færeyja, fyrir staðfesting þá á vöruskrám og heilbrigðisskýrteinum, er fyrir er skipuð í 2. lið 8. greinar í lögunum 15. aprílmán. 1854, hefir hin heiðraða utanríkisstjórn beðið dómsmálastjórnina í bréfi dags. 23. f. m. um, að íhuga enn á ný spurningu þá, sem borin hefir verið upp á þenna hátt, og skýra sér frá álitinu um það, hvort greiða skuli af dönskum skipum, þeim er fara úr utanríkishöfnum til Færeyja eða Íslands, gjald það er að ofan er um rædt.